

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 159/2017

2019/EES/52/10

frá 22. september 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1203 frá 5. júlí 2017 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 að því er varðar lífrænan kísil (mónómetylsílanetríól) og kalsíumfosfórýlfáskykrur (POs-Ca@) sem bætt er í matvæli og notuð við framleiðslu á fæðubótarefnum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1091 frá 10. apríl 2017 um breytingu á viðaukanum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar skrá yfir efni sem heimilt er að bæta við unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzi (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB) og lið 54zzzu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006):

„– **32017 R 1203:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1203 frá 5. júlí 2017 (Stjtíð. ESB L 173, 6.7.2017, bls. 9).“

2. Eftirfarandi texta er bætt við 77. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013):

„, breytt með:

– **32017 R 1091:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1091 frá 10. apríl 2017 (Stjtíð. ESB L 158, 21.6.2017, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/1203 og framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/1091, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 173, 6.7.2017, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 158, 21.6.2017, bls. 5.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.